

Samantekt: Strategískar borðæfingar fyrir Ísland

Varða – vettvangur um viðnámsþrótt og **Brooks Tech Policy Institute (BTPI)** við Cornell háskóla héldu viðburð í tengslum við Hringborð Norðurslóða 2025 um nytsemi strategískra borðæfinga (e. strategic simulations) fyrir Ísland. Fundurinn fór fram í trúnaði undir Chatham House reglu. Lykilaðilar úr stjórnámálum, stjórnsýslu, atvinnulífi og fræðasamfélagi ræddu hvernig slíkar æfingar gætu nýst á Íslandi til að efla viðnámsþrótt og stefnumótun á sviði þjóðaröryggismála.

Helstu umræður

Fulltrúar BTPI kynntu alþjóðlegt samhengi borðæfinga og hvernig þær hafa reynst árangursríkt tæki við að meta áhættu, móta viðbrögð og prófa áætlanir. Fulltrúarnir sögðu sérstaklega frá reynslu sinni af borðæfingum með Bandaríska þinginu um stórslys á Norðurslóðum og æfingum um einangrun Svalbarða sem haldnar hafa verið fyrir Breska flotann.

Fulltrúar Vörðu settu strategískar borðæfingar í samhengi við þróun umræðu og stefnumótunar í varnar- og öryggismálum á Íslandi og bentu á möguleika þeirra sem tækis við að auka viðnámsþrótt og öryggi landsins. Sérstaklega var bent á að borðæfingar geta

- tengt saman og þjálfað samskipti stjórnkerfis, fyrirtækja og annarra aðila með raunhæfum sviðsmyndum;
- stuðlað að betra samtali milli stefnumótunar og rekstrar á sviði öryggis, innviða og viðbúnaðar;
- nýst sem verkfæri til að greina veikleika og styrkleika í íslenskum viðbragðskerfum;
- þjálfað leiðtoga í samhæfingu og strategískum samskiptum í tengslum við átök og óhöpp.

Í kjölfar inngangs var þátttakendum skipt í hópa sem mótuðu tillögur að sviðsmyndum sem vert væri að skoða fyrir íslenskt samhengi. Hóparnir kynntu sviðsmyndirnar í lok viðburðarins, auk þess að forgangsraða þeim með punktakosningu. Þær sviðsmyndir sem hlutu mesta kosningu voru t.d brostnar aðfangakeðjur (óháð ástæðu), sprengjuááras á heitavatnslagnir um hávetur og netárás sem veldur tæmingu uppistöðulóna á versta tíma (og þar af leiðandi rafmagnsleysi yfir fleiri mánuði).

Þátttakendur töluðu um að æfingin hafi verið áhugaverð og mikilvægi þess að hóparnir voru þverfaglegir. Þá komu margar hugmyndanna þeim á óvart. Þá var bent á að flestar sviðsmyndirnar gerðu ráð fyrir innlendu áfalli, sem bendir til tækifæris í að skoða æfingar sviðsmyndir þar sem samskipti við aðrar þjóðir eru lykilatriði.

Næstu skref

Fulltrúar Vörðu munu greina þær hugmyndir sem fengu mestan áhuga þátttakenda til frekari þróunar í samstarfi við BTPI. Kallaðir verða til viðeigandi sérfræðingar til frekara samráðs og hugarflugs til að rýna og greina möguleika þeirra til framkvæmdar sem stefnt er að í framhaldi.

Summary: Exploring Strategic Simulations for Iceland's Future

Varða – Platform on Security and Resilience and the **Brooks Tech Policy Institute (BTPI)** at Cornell University co-hosted an event during the Arctic Circle Assembly 2025 on the potential use of strategic simulations for Iceland. The meeting was held under the Chatham House Rule, with participation of key figures from politics, government, industry, and academia.

Main discussions

BTPI representatives presented the international context of strategic simulations and explained how they have proven to be effective tools for assessing risk, shaping responses, and testing contingency plans. They shared their experiences from simulations conducted with the U.S. Congress on major Arctic incidents and from Svalbard isolation exercises held for the UK Royal Navy.

Varða representatives placed strategic simulations within the context of Iceland's evolving defense and security policy debate, highlighting their potential as a means to enhance national resilience and preparedness. In particular, simulations can:

- Connect and train communication between government systems, companies, and other actors through realistic scenarios;
- Promote better dialogue between strategic planning and operational preparedness across security, infrastructure, and emergency fields;
- Serve as tools to identify weaknesses and strengths in Icelandic response systems;
- Train leaders in coordination and strategic communication during crises and disruptions.

After the introductory presentations, participants were divided into groups to develop scenario ideas relevant for Iceland's context. The groups presented their scenarios at the end of the session and ranked them by priority through a dot-voting process. The most highly ranked scenarios included **broken supply chains** (regardless of cause), a **bomb attack on geothermal pipelines or production during mid-winter**; and a **cyberattack causing depletion of hydropower reservoirs at the worst possible time** (resulting in months-long power outages).

Participants described the exercise as both engaging and valuable, emphasizing the benefits of the groups being cross-disciplinary. Several mentioned being surprised by some of the ideas raised. It was also noted that most of the proposed scenarios focused on domestic disruptions, suggesting an opportunity to explore international or cross-border crisis scenarios where coordination with other nations is key.

Next steps

Varða representatives will analyze the most popular ideas identified by participants for further development in collaboration with BTPI. Relevant experts will be invited for additional consultation and brainstorming to explore and assess their potential for implementation in follow-up phases.